

# Reynsla landsmanna af afbrotum og öryggistilfinning íbúa 2020

Útgefið af:

Embætti ríkislögreglustjóra

[http://www.logreglan.is/  
utgafa/tolfraedi](http://www.logreglan.is/utgafa/tolfraedi)

Könnun lögð fyrir 2020

Útgefið í feb. 2021



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

---

Umsjón og ábyrgð:

Fannar Kristmannsson, Guðrún S. Baldursdóttir og Guðbjörg S. Bergsdóttir

## Framkvæmd

### Lýsing á rannsókn

**Framkvæmd:** Félagsvísindastofnun fyrir embætti ríkislögreglustjóra og lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.

**Markmið:** Að kanna reynslu landsmanna af afbrotum og öryggistilfinningu almennings. Einnig var í sömu könnun spurt um viðhorf til lögreglu og þjónustu en niðurstöður eru birtar í skýrslu sem Félagsvísindastofnun vann sem heitir „Viðhorf til lögreglu: Könnun á viðhorfum almennings til aðgerða vegna COVID-19 og annarra starfa lögreglunnar 2020“.

**Aðferð:** Netkönnun.

**Framkvæmdartími:** 10.05.2020 - 09.06.2020.

**Úrtak:** 4.000 manns á öllu landinu, 18 ára og eldri, 2.000 af höfuðborgarsvæðinu og 2.000 af landsbyggðinni.

### Stærð úrtaks og svörun

**Upphaflegt úrtak:** 4.000\*

**Fjöldi svarenda:** 2.187.

**Svarhlutfall:** 57%.

Tafla 1. Greiningarbreytur

	Hlutfall, óvigtuð gögn	Fjöldi, vigtuð gögn	Hlutfall, vigtuð gögn	Hlutfall í þýði
<b>Kyn</b>				
Karl	48,0%	1120	51,2%	51,5%
Kona	52,0%	1067	48,8%	48,5%
<b>Aldur</b>				
18-25 ára	9,3%	317	14,5%	14,5%
26-35 ára	14,1%	430	19,7%	20,4%
36-45 ára	17,1%	384	17,6%	17,6%
46-55 ára	22,1%	348	15,9%	16,0%
56-65 ára	18,7%	336	15,3%	14,8%
66 ára eða eldri	18,7%	371	17,0%	16,8%
<b>Búseta</b>				
Höfuðborgarsvæðið	53,0%	1430	64,1%	64,7%
Vesturland	5,7%	92	4,2%	4,5%
Vestfirðir	3,1%	48	2,2%	2,0%
Norðurland vestra	3,2%	59	2,7%	2,0%
Norðurland eystra	12,6%	192	8,8%	7,9%
Austurland	4,7%	85	3,9%	2,9%
Suðurland	9,3%	158	7,2%	7,1%
Vestmannaeyjar	2,7%	45	2,1%	1,2%
Suðurnes	5,9%	106	4,8%	7,7%
<b>Menntun</b>				
Grunnskólastig	12,5%	657	30,0%	31,1%
Framhaldsskólastig	37,2%	773	35,3%	38,2%
Háskólastig	44,5%	620	28,3%	30,7%

Gögn rannsóknarinnar eru vigtuð til þess að úrtak endurspegli þýði sem best með tilliti til búsetu, aldurs, menntunar og kyns (sjá einnig í „Fyrirvarar“ á bls. 18). Fjöldatölur í skýrslunni eru því námundaðar að næstu heilu tölu, en hlutföll miðast við fjöldatöluna eins og hún væri með aukastöfum. Misræmi getur því verið í samanlögðum fjölda einstaklinga í greiningum og í tíðnitöflum.

Líkt og í skýrslu síðustu ára, skiptast svör eftir búsetu eftir lögregluumdæmunum níu í þessari skýrslu. Áður voru þau flokkuð eftir sex landshlutum.


\*Ekki náðist í 133 einstaklinga (með óvirk netföng).

**Spurning 1**

Hversu örugg(ur) eða óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú ert ein/einn á ferli í þínu hverfi/byggðarlagi þegar myrkur er skolið á?

Svarmöguleikar	Fjöldi
Mjög örugg(ur)	1.077
Frekar örugg(ur)	837
Frekar óörugg(ur)	131
Mjög óörugg(ur)	45
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>2.089</b>

■ Örugg(ur) ■ Óörugg(ur)




Langflestir svarendur telja sig vera mjög eða frekar örugga á ferli í sínu eigin byggðarlagi þegar myrkur er skolið á eða 92%. Það er sama hlutfall og á síðasta ári. Hærra hlutfall karla (96%) sagðist vera öruggir á ferli í myrkri en konur (87%) og var það tölfraðilega marktækt.

Lítill munur var á öryggistilfinningu eftir aldri. Sá hópur sem taldi sig öruggastan voru einstaklingar á aldrinum 46-55 ára (94% frekar/mjög örugg(ur)) en óöruggastir voru á aldrinum 66 ára og eldri (88% frekar/mjög örugg(ur)).

Íbúar Vestfjarða og Vestmannaeyja voru öruggastir en 100% íbúa þar töldu sig vera frekar eða mjög örugga eftir myrkur í eigin byggðarlagi. Óöruggastir voru íbúar höfuðborgarsvæðisins en þó var ekki hærra hlutfall en 11% sem sögðust frekar eða mjög óöruggir.

Marktækur munur var einnig á svörum eftir menntunarstigi. Hærra menntunarstigi virtist fylgja meira öryggi en munurinn var þó ekki mikill (89-94%).



Fjöldi svara    Mjög örugg(ur)    Frekar örugg(ur)    Frekar óörugg(ur)    Mjög óörugg(ur)

**Kyn\***

Karl	1077	64%	32%	3%	1%
Kona	1012	38%	49%	9%	3%

**Aldursflokkar\***

18-25 ára	301	58%	32%	6%	4%
26-35 ára	405	57%	36%	4%	3%
36-45 ára	368	55%	38%	6%	1%
46-55 ára	338	52%	42%	4%	2%
56-65 ára	325	46%	45%	7%	2%
66 ára og eldri	353	41%	47%	10%	1%

**Búseta\***

Höfuðborgarsvæðið	1345	45%	44%	8%	3%
Vesturland	88	69%	25%	3%	2%
Vestfirðir	47	85%	15%	0%	0%
Norðurland vestra	58	59%	33%	9%	0%
Norðurland eystra	179	56%	40%	2%	2%
Austurland	82	72%	27%	1%	0%
Suðurland	140	58%	40%	1%	1%
Vestmannaeyjar	45	78%	22%	0%	0%
Suðurnes	104	55%	38%	7%	1%

**Menntun\***



Grunnskólapróf	631	52%	37%	8%	3%
Nám á framhaldsskólastigi	744	52%	41%	5%	2%
Nám á háskólastigi	603	51%	43%	5%	1%

\*Marktækur munur milli hópa

## Spurning 2

Hversu örugg(ur) eða óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú ert ein/einn á ferli í miðborg Reykjavíkur þegar myrkur er skolið á eða eftir miðnætti um helgar?

Svarmöguleikar	Fjöldi
Mjög örugg(ur)	198
Frekar örugg(ur)	623
Frekar óörugg(ur)	549
Mjög óörugg(ur)	412
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>1.782</b>



Töluvert fleiri svarendur töldu sig frekar eða mjög örugga á ferli í miðborg Reykjavíkur í myrkri eða eftir miðnætti um helgar en í könnun síðasta árs. Hlutfallið jókst úr 41% í 46%. Marktækur munur var á kyni, aldri, búsetu og menntun.

Tæplega 60% karla töldu sig frekar eða mjög örugga á móti um 32% kvenna. Hlutfallið jókst þó hjá báðum kynjum milli ára.

Yngri aldurshóparnir töldu sig vera öruggari í miðborginni að næturlagi en þeir sem eldri eru. Hlutfall þeirra á aldrinum 18-45 sem töldu sig mjög eða frekar örugga var á bilinu 53-57%. Hlutfallið hjá 46 ára og eldri var á bilinu 25-41%.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins voru þeir sem að töldu sig öruggasta í miðborginni (53%) en íbúar Austurlands voru minnst öruggir (27%).

Öryggistilfinning í miðbæ Reykjavíkur í myrkri fór vaxandi eftir menntunarstigi svarenda. Minnst öruggir voru þeir með grunnskólapróf (42%) og öruggastir þeir með nám á háskólastigi (53%).


	Fjöldi svara	Mjög örugg(ur)	Frekar örugg(ur)	Frekar óörugg(ur)	Mjög óörugg(ur)
<b>Kyn*</b>					
Karl	914	16,7%	42,9%	28,2%	12,1%
Kona	868	5,2%	26,6%	33,5%	34,7%
<b>Aldursflokkar*</b>					
18-25 ára	291	12,7%	40,5%	25,8%	21,0%
26-35 ára	390	17,9%	38,2%	29,2%	14,6%
36-45 ára	341	12,6%	44,9%	27,6%	15,0%
46-55 ára	282	8,5%	33,0%	31,6%	27,0%
56-65 ára	250	3,2%	26,8%	38,4%	31,6%
66 ára og eldri	227	6,6%	18,9%	35,7%	38,8%
<b>Búseta*</b>					
Höfuðborgar-svæðið	1191	13,8%	38,9%	28,7%	18,6%
Vesturland	73	4,1%	37,0%	35,6%	23,3%
Vestfirðir	40	2,5%	30,0%	30,0%	37,5%
Norðurland vestra	39	2,6%	30,8%	15,4%	51,3%
Norðurland eystra	134	6,0%	21,6%	30,6%	41,8%
Austurland	66	4,5%	22,7%	37,9%	34,8%
Suðurland	110	5,5%	25,5%	42,7%	26,4%
Vestmannaeyjar	41	9,8%	29,3%	29,3%	31,7%
Suðurnes	88	10,2%	27,3%	42,0%	20,5%
<b>Menntun*</b>					
Grunnskólapróf	523	9,9%	32,1%	29,1%	28,9%
Nám á framhalds-skólastigi	628	11,3%	32,3%	32,0%	24,4%
Nám á háskólastigi	536	11,4%	40,3%	31,7%	16,6%

\*Marktækur munur milli hópa

**Spurning 3**

Hvaða brot telur þú vera mesta vandamálið í þínu hverfi/byggðarlagi?

Svarmöguleikar	Fjöldi
Umferðarlagabrot	486
Eignaspjöll	210
Innbrot	250
Fíkniefnabrot	253
Þjófnaður/Rán	196
Fjársvik/Svik í viðskiptum	14
Ofbeldi/líkamsárásir	50
Kynferðisbrot	18
Annað	8
Tel ekkert brot vera vandamál	218
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>1703</b>



Þegar spurt var um hvað fólk teldi vera stærsta vandamálið í sínu hverfi eða byggðarlagi voru svörin að mestu leyti svipuð og síðustu ár. Marktækur munur var á svörum eftir aldri, búsetu og menntun. Hjá öllum aldursflokkum voru umferðarlagabrot talin vera mesta vandamálið. Næst mesta vandamálið töldu flestir vera fíkniefna- eða auðgunarbrot nema elsti aldurflokkurinn (66 ára og eldri) þar sem ekkert brot var talið vera vandamál. Af íbúum höfuðborgarsvæðisins töldu flestir innbrot vera mesta vandamálið og þar á eftir umferðarlagabrot. Umferðarlagabrot var talið stærsta vandamálið hjá öllum hinum embættunum, fyrir utan Vestmannaeyjar og Suðurnes, þar sem fíkniefnabrot voru algengasta svarið. Sé litið til menntunar voru það umferðarlagabrot sem voru algengust en þar á eftir voru fíkniefnabrot og innbrot næst algengust.

	Fjöldi svara	Umferðarlagabrot	Eignaspjöll	Innbrot	Fíkniefnabrot	Fjársvik (Svik í viðskiptum)	Þjófnaður/Rán	Ofbeldi/líkamsárásir	Kynferðisbrot	Annað	Tel ekkert brot vera vandamál
<b>Kyn</b>											
Karl	870	27,7%	12,0%	14,3%	15,4%	1,3%	11,8%	2,3%	0,6%	0,7%	14,0%
Kona	832	29,4%	12,7%	15,1%	14,3%	0,4%	11,1%	3,6%	1,6%	0,2%	11,5%
<b>Aldursflokkar*</b>											
18-25 ára	283	31,6%	10,0%	12,8%	17,2%		6,0%	4,4%	2,8%	0,8%	14,4%
26-35 ára	354	27,0%	14,4%	15,6%	10,4%	1,2%	16,6%	4,3%			10,4%
36-45 ára	350	22,5%	15,5%	16,1%	16,1%	1,6%	12,7%	3,2%	0,6%	0,3%	11,4%
46-55 ára	289	30,7%	12,0%	11,3%	16,6%	0,4%	13,8%	3,2%	1,4%	0,4%	10,2%
56-65 ára	261	34,5%	9,1%	20,2%	16,3%	0,8%	7,5%	0,4%	0,8%		10,3%
66 ára og eldri	288	26,6%	11,3%	12,4%	13,9%	0,7%	10,2%	1,8%	1,1%	1,5%	20,4%
<b>Búseta*</b>											
Höfuðborgarsvæðið	1.181	21,2%	14,6%	21,5%	9,7%	0,6%	14,8%	3,6%	0,6%	0,5%	12,9%
Vesturland	84	56,3%	15,5%	4,2%	9,9%	1,4%	2,8%		2,8%		7,0%
Vestfirðir	34	35,0%	5,0%		27,5%	5,0%	0,0%				27,5%
Norðurland vestra	37	60,9%	4,3%		19,6%		0,0%		10,9%		4,3%
Norðurland eystra	152	37,0%	3,4%	1,4%	33,6%	1,4%	6,2%	3,4%	2,7%	1,4%	9,6%
Austurland	56	43,8%	4,1%		26,0%		0,0%	1,4%			24,7%
Suðurland	125	47,0%	9,7%	5,2%	14,9%	0,7%	6,0%	2,2%	0,7%		13,4%
Vestmannaeyjar	23	24,2%	18,2%		42,4%		0,0%		3,0%		12,1%
Suðurnes	131	23,8%	12,5%	7,5%	25,0%		20,0%	1,3%		1,3%	8,8%
<b>Menntun*</b>											
Grunnskólapróf	514	32,7%	7,5%	14,3%	18,0%		10,2%	3,8%	0,9%	0,4%	12,2%
Nám á framhaldsskólastigi	674	27,8%	12,8%	13,5%	16,0%	0,8%	10,5%	1,8%	1,7%	0,5%	14,5%
Nám á háskólastigi	560	25,2%	16,3%	17,1%	10,4%	1,2%	14,0%	3,5%	0,6%	0,6%	11,2%


\*Marktækur munur milli hópa

Stöplar segja til um algengi innan hverrar raðar t.d. þeir sem voru í aldurshópnum 66 ára og eldri nefndu oftast „umferðarlagabrot“ og næst oftast „tel ekkert brot vera vandamál“.

### Spurning 4

Hversu oft, ef einhvern tímann, voru aðstæður þannig hjá þér árið 2019 að þú hafðir áhyggjur af því að verða fyrir afbroti?


Ár könnunar, spurt um undangengið ár  
 ■ 2017 ■ 2018 ■ 2019 ■ 2020 ● % breyting frá síðustu könnun



Svarmöguleikar	Fjöldi	Hlutfall %
Aldrei	979	46,6
Mjög sjaldan	683	32,5
Frekar sjaldan	364	17,3
Frekar oft	62	3,0
Mjög oft	12	0,6
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>2.101</b>	<b>100</b>

	Fjöldi svara	Aldrei	Mjög sjaldan	Frekar sjaldan	Frekar oft	Mjög oft
<b>Kyn*</b>						
Karl	1.088	49,1%	33,4%	15,3%	1,7%	0,6%
Kona	1.013	43,9%	31,6%	19,6%	4,2%	0,6%
<b>Aldursflokkar*</b>						
18-25 ára	297	32,0%	38,0%	23,9%	5,7%	0,3%
26-35 ára	401	29,7%	41,4%	23,9%	4,2%	0,7%
36-45 ára	372	40,1%	37,9%	20,4%	1,1%	0,5%
46-55 ára	342	49,1%	32,5%	14,3%	2,9%	1,2%
56-65 ára	332	55,4%	26,5%	15,7%	2,1%	0,3%
66 ára og eldri	358	73,7%	18,2%	5,9%	2,0%	0,3%
<b>Búseta*</b>						
Höfuðborgar-svæðið	1338	41,3%	34,1%	20,3%	3,6%	0,7%
Vesturland	89	59,6%	31,5%	7,9%	0,0%	1,1%
Vestfirðir	48	62,5%	25,0%	12,5%	0,0%	0,0%
Norðurland vestra	57	47,4%	31,6%	10,5%	10,5%	0,0%
Norðurland eystra	189	55,6%	29,6%	13,2%	1,1%	0,5%
Austurland	82	61,0%	28,0%	8,5%	2,4%	0,0%
Suðurland	150	50,0%	34,7%	14,7%	0,7%	0,0%
Vestmannaeyjar	44	65,9%	29,5%	4,5%	0,0%	0,0%
Suðurnes	106	54,7%	24,5%	16,0%	2,8%	1,9%
<b>Menntun*</b>						
Grunnskólapróf	637	49,0%	29,8%	16,3%	4,4%	0,5%
Nám á framhalds-skólastigi	744	48,5%	32,0%	16,7%	2,3%	0,5%
Nám á háskólastigi	613	40,9%	37,2%	18,4%	2,8%	0,7%

Hvers konar broti hafðir þú mestar áhyggjur af að verða fyrir?\*



\*þeir sem svöruðu „aldrei áhyggjur“ eða „vil ekki svara“ fengu ekki spurninguna.


\*Marktækur munur milli hópa

Hlutfall svarenda sem sögðust einhvern tímann hafa haft áhyggjur af því að verða fyrir afbroti árið 2019 var 53% og er það um 4% lækkun frá árinu áður. Marktækur munur var á milli kyns, aldursflokka, og menntunar þegar spurt var um áhyggjur af því að verða fyrir afbroti. Af þessum 53% voru 50% sem sögðust hafa frekar eða mjög sjaldan áhyggjur og 3,5% sem sagðist hafa frekar eða mjög oft áhyggjur af því að verða fyrir afbroti.

Þeir sem sögðust einhvern tímann hafa haft áhyggjur voru spurðir hvers konar broti þeir hefðu mestar áhyggjur af að verða fyrir. Líkt og síðustu ár höfðu flestir áhyggjur af því að verða fyrir innbroti (37%). Það hlutfall lækkaði þó um rúm 4% milli ára. Næst flestir höfðu áhyggjur að verða fyrir þjófnaði (18%) og þar á eftir ofbeldi/líkamsárás (13%).

**Spurning 5**

Greipst þú til einhverra eftirtalinna aðgerða árið 2019 til að verja heimili þitt eða dvalarstað fyrir afbrotum?



Svarmöguleikar	Fjöldi	Hlutfall (ef gripið)
Setti upp þjófavörn/öryggiskerfi	141	21,5%
Fékk mér varðhund	25	3,8%
Setti upp sérstaka hurðalása	81	12,4%
Setti upp sérstaka glugga, læsingar og/ eða rimla	43	3,5%
Setti upp hátt grindverk	13	2,1%
Fékk mér umsjónarmann/öryggisvörð	5	0,7%
Tók þátt í formlegri nágrannavörslu	45	6,9%
Tók þátt í vinalegu samkomulagi nágranna um að vakta hús hvors annars	203	31,0%
Greip til annara aðgerða	21	3,3%
Var þegar búinn að grípa til aðgerða	243	37,2%
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>654</b>	

\* Svarendur gátu valið fleiri enn einn svarmöguleika og af þeim sökum er samanlagt hlutfall herra en 100%

	Fjöldi	Já, greip eða hafði gripið til	Nei
<b>Kyn</b>			
Karl	1057	30,0%	70,0%
Kona	1020	33,0%	67,0%
<b>Aldursflokkar*</b>			
18-25 ára	293	22,2%	77,8%
26-35 ára	394	31,0%	69,0%
36-45 ára	366	33,9%	66,1%
46-55 ára	338	33,4%	66,6%
56-65 ára	325	32,0%	68,0%
66 ára eða eldri	363	34,7%	65,3%
<b>Búseta*</b>			
Höfuðborgarsvæðið	1322	33,1%	66,9%
Vesturland	86	27,9%	72,1%
Vestfirðir	46	19,6%	80,4%
Norðurland vestra	56	21,4%	78,6%
Norðurland eystra	187	26,7%	73,3%
Austurland	81	14,8%	85,2%
Suðurland	151	32,5%	67,5%
Vestmannaeyjar	44	18,2%	81,8%
Suðurnes	103	50,5%	49,5%
<b>Menntun*</b>			
Grunnskólapróf	628	26,9%	73,1%
Nám á framhaldsskólastigi	742	30,3%	69,7%
Nám á háskólastigi	605	37,4%	62,6%

\*Marktækur munur milli hópa

Einn af hverjum fimm svarendum sagðist hafa gripið til einhverra aðgerða árið 2019 til að verja heimili sitt eða dvalarstað fyrir afbrotum. Sé tekinn með sá fjöldi sem sagðist þegar hafa verið búinn að grípa til aðgerða, er það um þriðjungur svarenda. Marktækur munur var á svörum eftir aldri, búsetu og menntun.

Algengast var að fólk tæki þátt í vinalegu samkomulagi milli nágranna um að vakta hús hvors annars (31%), eins konar óformleg nágrannavörsla. Næst algengast var að setja upp þjófavörn eða annað öryggiskerfi (22%) og þar á eftir var að setja upp sérstaka hurðalása (12%).

Líkurnar á því að hafa gripið til öryggisráðstafana á einhverjum tímamarki fóru vaxandi með hækkandi aldri svarenda. Um 22% af yngsta aldurshópnum hafði gripið til einhverra aðgerða á móti tæplega 35% þess elsta.

Íbúar Suðurnesja voru líklegastir til að hafa gripið til einhverra öryggisráðstafana (51%). Næst voru höfuðborgarbúar (33%) og svo íbúar Suðurlands (33%). Aðeins höfðu um 15% af íbúum Austurlands gert eitthvað til að verja heimili sitt eða dvalarstað.

Svarendur með grunnskólapróf voru ólíklegastir til að hafa gripið til einhverra aðgerða (27%) á meðan háskólamenntaðir voru líklegastir (37%).




## Spurning 6

Gerðir þú eitthvað árið 2019 til þess að auka öryggi þitt í þeim aðstæðum þar sem þú hafðir áhyggjur af því að verða fyrir kynferðisbroti eða ofbeldi/líkamsárás?

Svarmöguleikar	Fjöldi	Hlutfall (ef gripið til aðgerða)*
Gekk með einhvers konar vopn til að verja mig (t.d. lykla milli fingranna)	121	25,3%
Var með símann við höndina, tilbúin(n) að hringja á hjálp	243	50,8%
Forðaðist illa upplýst svæði/götur	274	57,1%
Forðaðist fámenn svæði/götur	210	43,9%
Forðaðist augnsamband við ókunnuga	156	32,5%
Passaði upp á drykkinn minn á skemmtistöðum/börum	230	48,0%
Forðaðist að nýta mér skutlaráþjónustu eða fá far með ókunnugum	177	36,9%
Annað	27	5,6%
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>479</b>	

\* Svarendur gátu valið fleiri enn einn svarmöguleika og af þeim sökum er samanlagt hlutfall hærra en 100%





	Fjöldi	Já	Nei, greip ekki til aðgerða	Nei, hafði ekki áhyggjur	
<b>Kyn*</b>					
Rétt tæpur fjórðungur svarenda sagðist hafa gert eitthvað árið 2019 til að auka öryggi sitt í þeim aðstæðum þar sem þeir/þær höfðu áhyggjur að verða fyrir afbroti.	Karl	1041	8,9%	24,5%	66,6%
	Kona	1008	38,3%	22,0%	39,7%
<b>Aldursflokkar*</b>					
Rúmur helmingur (53%) sagðist aldrei hafa haft áhyggjur og því ekki gripið til sérstakra aðgerða.	18-25 ára	298	44,6%	16,1%	39,3%
Algengast var að svarendur forðuðust illa upplýst svæði og götur (57%), voru með símann við höndina til að geta hringt á hjálp (51%) og pössuðu upp á drykkjarföng sín á börum og skemmtistöðum (48%). Marktækur munur var á svörum eftir kyni, aldri og búsetu.	26-35 ára	405	37,5%	22,0%	40,5%
	36-45 ára	363	19,3%	22,0%	58,7%
	46-55 ára	327	14,4%	26,0%	59,6%
	56-65 ára	313	12,1%	29,1%	58,8%
	66 ára eða eldri	344	11,3%	24,4%	64,2%
<b>Búseta*</b>					
Konur (38%) voru mun líklegri en karlar (9%) til að hafa gert eitthvað til að auka öryggi sitt. Tveir þriðju hlutar karla sögðust aldrei hafa haft áhyggjur.	Höfuðborgarsvæðið	1309	29,0%	22,4%	48,7%
	Vesturland	82	17,1%	23,2%	59,8%
	Vestfirðir	46	13,0%	10,9%	76,1%
	Norðurland vestra	54	14,8%	16,7%	68,5%
	Norðurland eystra	186	14,0%	17,7%	68,3%
	Austurland	78	6,4%	33,3%	60,3%
	Suðurland	151	15,9%	23,8%	60,3%
	Vestmannaeyjar	41	7,3%	48,8%	43,9%
	Suðurnes	102	13,7%	34,3%	52,0%
	<b>Menntun</b>		*		
Yngra fólk var líklegra en það eldra til að auka öryggi sitt í aðstæðum þar sem þau höfðu áhyggjur að verða fyrir afbroti. Um 45% svarenda á aldrinum 18-25 ára sagðist hafa gert eitthvað til að tryggja sitt öryggi, á meðan aðeins um 11% þeirra sem eru á aldrinum 66 ára og eldri.	Grunnskólapróf	606	21,5%	25,6%	53,0%
Íbúar höfuðborgarsvæðisins voru líklegastir til þess að grípa til aðgerða til að tryggja eigið öryggi (29%) á meðan íbúar Austurlands (6%) og Vestmannaeyja (7%) voru ólíklegastir. Íbúar annara embætta voru á svipuðu reiki (13-17%).	Nám á framhaldsskóla-	738	23,2%	24,0%	52,8%
	Nám á háskólastigi	604	26,2%	20,4%	53,5%

\*Marktækur munur milli hópa

## Spurning 7

Varðst þú fyrir einhverjum af eftirtöldum brotum árið 2019?

Svarmöguleikar	Fjöldi	Hlutfall %
Innbrot	153	7,3
Þjófnaður	186	8,8
Ofbeldisbrot	50	2,3
Kynferðisbrot	58	2,7
Eignaspjöll	286	13,5



	Innbrot	Þjófnaður	Eignaspjöll	Ofbeldisbrot	Kynferðisbrot
<b>Kyn</b>					*
Karl	8,1%	9,9%	13,8%	2,6%	0,8%
Kona	6,4%	7,6%	13,2%	2,1%	4,8%
<b>Aldursflokkar</b>		*	*	*	*
18-25 ára	8,4%	13,3%	13,0%	2,0%	9,7%
26-35 ára	9,5%	9,5%	17,2%	4,9%	5,4%
36-45 ára	7,9%	6,9%	14,6%	2,7%	1,1%
46-55 ára	7,1%	11,3%	16,9%	1,2%	0,3%
56-65 ára	7,0%	7,8%	10,2%	2,7%	0,0%
66 ára eða eldri	3,8%	4,9%	8,4%	0,3%	0,3%
<b>Búseta</b>	*	*	*		
Höfuðborgarsvæðið	9,7%	10,4%	15,9%	2,5%	3,2%
Vesturland	1,2%	6,9%	10,3%	3,4%	0,0%
Vestfirðir	2,0%	2,1%	6,3%	0,0%	0,0%
Norðurland vestra	0,0%	3,5%	10,7%	0,0%	3,5%
Norðurland eystra	5,3%	6,9%	11,6%	0,5%	3,7%
Austurland	2,6%	3,8%	3,8%	0,0%	0,0%
Suðurland	1,3%	7,3%	5,9%	3,3%	2,0%
Vestmannaeyjar	2,3%	0,0%	11,6%	2,3%	0,0%
Suðurnes	4,7%	7,6%	13,2%	4,8%	2,9%
<b>Menntun</b>	*	*	*	*	*
Grunnskólapróf	9,3%	9,2%	10,3%	3,5%	3,1%
Framhaldsskólastig	5,6%	9,0%	15,1%	2,2%	3,8%
Háskólastig	7,2%	8,0%	13,9%	1,3%	1,5%

\*Marktækur munur milli hópa í flokknum næst fyrir neðan rauðu merkinguna

Fjórðungur þátttakenda sagðist hafa orðið fyrir a.m.k. einni af þeirri tegund brots sem spurt var um, á árinu 2019.

Líkt og árið áður voru flestir sem sögðust hafa orðið fyrir einhverskonar eignaspjöllum. Það hlutfall lækkaði þó á milli ára, úr 15% í 13,5%. Næst flestir sögðust hafa orðið fyrir þjófnaði (8,8%) og þar á eftir innbroti (7,3%). Mest lækkan var á hlutfalli þeirra sem sögðust hafa orðið fyrir þjófnaði, um 2,1%.

Marktækur munur var á búsetu hjá þeim sem sögðust hafa orðið fyrir innbroti árið 2019. Þar voru íbúar höfuðborgarsvæðisins líklegastir til að hafa orðið fyrir innbroti, um 10%. Næst á eftir voru íbúar Norðurlands eystra (5,3%) en enginn á Norðurlandi vestra sagðist hafa orðið fyrir innbroti.

Hlutfall þeirra sem sögðust hafa orðið fyrir kynferðisbroti lækkaði aftur niður í svipað hlutfall og var á árunum 2017 og 2018, úr 3,6% í 2,7%. Konur voru líkt og áður mun líklegri en karlar til þess að segjast hafa orðið fyrir kynferðisbroti, 4,8% á móti 0,8%.


Sjá má nánar um orðalag spurninga á bls. 19.

## Spurning 8

### Tilkynntir þú brotið sem þú varðst fyrir árið 2019?

Svarmöguleikar	Fjöldi (já)	Hlutfall (já)
Innbrot	61	45,2
Þjófnaður	63	36,2
Ofbeldi	15	29,8
Kynferðisbrot	7	13,5
Eignaspjöll	76	26,5

\*Nánnar er fjallað um hofb og kynf.myndb. á bls 13-14.



	Innbrot	Þjófnaður	Eignaspjöll	Ofbeldisbrot
<b>Kyn</b>				
Karl	49,4%	35,3%	21,9%	25,9%
Kona	38,9%	37,0%	30,9%	34,8%
<b>Aldursflokkar</b>			*	
18-25 ára	33,3%	42,1%	18,4%	16,7%
26-35 ára	55,3%	48,6%	41,1%	10,5%
36-45 ára	50,0%	40,9%	29,6%	50,0%
46-55 ára	19,0%	23,7%	22,4%	50,0%
56-65 ára	50,0%	26,1%	21,2%	37,5%
66 ára eða eldri	61,5%	31,3%	10,0%	100,0%
<b>Búseta</b>			*	
Höfuðborgarsvæðið	46,1%	41,2%	26,0%	39,4%
Vesturland	0,0%	0,0%	16,7%	0,0%
Vestfirðir	100,0%	100,0%	100,0%	
Norðurland vestra		0,0%	0,0%	
Norðurland eystra	44,4%	7,7%	22,7%	0,0%
Austurland	50,0%	33,3%	33,3%	
Suðurland	50,0%	27,3%	12,5%	0,0%
Vestmannaeyjar	0,0%		75,0%	100,0%
Suðurnes	40,0%	42,9%	21,4%	0,0%
<b>Menntun</b>	*			
Grunnskólapróf	63,0%	38,2%	21,2%	33,3%
Nám á framhaldsskólastigi	39,5%	30,0%	27,2%	25,0%
Nám á háskólastigi	35,7%	38,8%	27,8%	42,9%

\*Marktækur munur milli hópa í flokknum næst fyrir neðan rauðu merkninguna

\*Athugið að ekki er greint nánar um tilkynnt kynferðisbrot þar sem fjöldi í úrtaki sem tilkynnti var undir 10.

Líkt og í síðustu könnun voru hlutfallslega flestir sem tilkynntu innbrot, eða um 45%, sem er það næsthæsta síðan árið 2013. Næst flestir tilkynntu þjófnað, eða um 36% og þar á eftir ofbeldisbrot, um 30%. Þá tilkynntu 27% eignaspjöll.

Hlutfall tilkynntra brota hefur lækkað í fjórum brotaflokkum af þeim sjö sem eru til umfjöllunar. Enginn af þeim sem sagðist hafa orðið fyrir kynferðislegri myndbirtingu sagðist hafa tilkynnt brotið. Hafa ber þó í huga að ekki er um marga einstaklinga að ræða í þeim brotaflokki (N=15). Fyrir utan það, þá lækkaði hlutfall tilkynninga um ofbeldisbrot mest, úr 43% í 30%.

Tilkynningum fjölgaði í eignaspjölum, heimilisofbeldi og kynferðisbrotum. Í síðastnefnda brotaflokknum jókst hlutfall tilkynninga um tæp 8 prósentustig úr 5,6% í 13,5% og heldur vonandi áfram að aukast á komandi árum.


Tölfræðilega marktækur munur var á tilkynntum innbrotum eftir menntun svarenda. Þeir sem voru eingöngu með grunnskólapróf voru líklegastir til að tilkynna innbrot (63%) á meðan svarendur með háskólamenntun voru ólíklegastir (36%). Einnig var marktækur munur á svörum um tilkynnt eignaspjöll eftir búsetu. Íbúar Vestfjarða tilkynntu 100% eignaspjalla og íbúar Vestmannaeyja 75% á meðan íbúar Suðurlands tilkynntu aðeins um 12,5% Norðurlands vestra tilkynntu 0%.

## Spurningar 9


Þeir sem höfðu orðið fyrir kynferðisbroti voru spurðir:

Myndir þú lýsa þessu atviki sem...

Svarmöguleikar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Nauðgun	10	17,6
Tilraun til nauðgunar	0	0
Grófri kynferðislegri áreitni	29	50,7
Særandi framkomu	18	31,7
<b>Samtals</b>	<b>58</b>	<b>100</b>



Hversu alvarlegt var atvikið [ofbeldisbrotið/kynferðisbrotið] gegn þér?



Í könnuninni 2020 voru nánast jafn margir sem sögðust hafa orðið fyrir kynferðisbroti (2,7%) og ofbeldisbroti (2,3%) (sjá mynd bls. 10). Rétt rúmlega helmingur lýstu kynferðisbrotnu sem grófri kynferðislegri áreitni, 32% lýstu því sem særandi framkomu og rétt rúmlega 17% sem nauðgun. Þegar litið er til alvarleika má sjá að um 21% þeirra sem höfðu orðið fyrir kynferðisbroti á undangengnu ári sögðu það hafa verið *mjög alvarlegt* sem er lækkun frá síðustu tveimur árunum áður. Þá töldu 30% þeirra sem höfðu orðið fyrir ofbeldisbroti í 2020 könnuninni atvikið *mjög alvarlegt*, sem er það hæsta sem mælst hefur í þolendakönnuninni. Hlutfall þeirra sem töldu atvikið vera *nokkuð alvarlegt* lækkar á móti, úr 38% í 24% og þeir sem töldu það hafa verið *ekki mjög alvarlegt* hækkar úr 37% í 44% milli ára.

**Spurning 10**

Varðst þú fyrir einhverju af eftirtöldu af hendi maka eða fyrrum maka, árið 2019?


Svarmöguleikar	Einhvers konar heimilis- ofbeldi	Hlutfall*	Hótun/ógnun, líkamlegu og/eða kynferðisl. ofbeldi	Hlutfall*
Já	125	7,1	41	2,3
Nei	1637	92,9	1722	97,7
<b>Alls</b>	<b>1762</b>	<b>100</b>	<b>1763</b>	<b>100</b>

\*Hlutfall af þeim sem eiga maka og svöruðu spurningunni játandi eða neitandi


**Hlutfallsleg skipting á tegundum heimilisofbeldis. Svarendur voru eingöngu þeir sem sögðust hafa orðið fyrir heimilisofbeldi (hægt var að velja fleiri en einn svarmöguleika):**

Ár könnunar,  
spurt um undangengið ár

■ 2020  
■ 2019  
■ 2018



**Varðstu fyrir ofbeldi af hendi maka/fyrrum maka?**



Hlutfall þeirra sem sögðust hafa orðið fyrir einhvers konar heimilisofbeldi árið 2019, sbr. það sem talið var upp í könnuninni, var 7,1%. Það er hálfu prósentustigi hærra en árið áður. Þá sögðust 66% þeirra sem greindu frá því að hafa orðið fyrir heimilisofbeldi að það hafi verið í formi lítillækkunar. Næst algengast var að komið væri í veg fyrir að þolendur gætu hitt vini og ættingja (28%) en þar á eftir voru hótanir (26%).

Samantekið hlutfall þeirra sem sögðust hafa orðið fyrir ógnunum/hótunum, kynferðislegu ofbeldi eða líkamlegu ofbeldi af hendi maka eða fyrrum maka var 2,3%. Það er lækkun um rúmt prósent frá árinu áður og er meira í takt við það sem tilkynnt var árin 2017 og 2018.

**Spurning 11**

Varðst þú fyrir einhverju af eftirtöldu af hendi maka eða fyrrum maka, árið 2019?

	Allar tegundir heimilis- ofbeldis		Hótun/ógnun, líkamlegt og/ eða kynferðislegt ofbeldi	
	Fjöldi (já)	Hlutfall % (já)	Fjöldi (já)	Hlutfall % (já)
<b>Kyn</b>				*
Karl	59	6,7%	14	1,6%
Kona	66	7,5%	27	3,1%
<b>Aldursflokkar</b>		*		*
18-25 ára	29	15,6%	6	3,2%
26-35 ára	35	10,6%	21	6,4%
36-45 ára	21	6,6%	11	3,4%
46-55 ára	17	5,5%	2	0,6%
56-65 ára	12	4,0%	0	0,0%
66 ára eða eldri	11	3,4	2	0,6%
<b>Búseta</b>				
Höfuðborgarsvæðið	89	8,1%	26	2,4%
Vesturland	6	7,5%	2	2,5%
Vestfirðir	1	2,3%	0	0,0%
Norðurland vestra	3	6,1%	2	4,2%
Norðurland eystra	12	7,1%	7	4,2%
Austurland	2	2,8%	1	1,4%
Suðurland	7	5,6%	0	0,0%
Vestmannaeyjar	2	5,1%	0	0,0%
Suðurnes	3	3,5%	3	3,5%
<b>Menntun</b>				
Grunnskólapróf	53	10,6%	13	2,6%
Framhaldsskólastig	47	7,5%	19	3,0%
Háskólastig	22	4,0%	8	1,5%


\*Marktækur munur milli hópa í flokknum næst fyrir neðan rauðu merkinguna

Ekki er tölfræðilega marktækur munur á kynjunum í þessari könnun, þegar litið er til þess hvort einstaklingar hafi orðið fyrir einhvers konar heimilisofbeldi. Hins vegar var marktækur munur á aldursflokkum og, líkt og árið áður, sést að yngsti aldurshópurinn var hlutfallslega líklegri til að verða fyrir heimilisofbeldi.


Þegar litið er til hópsins sem varð fyrir hótun/ógnun, líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi kemur fram marktækur munur á kynjunum. Þar voru konur nánast tvöfalt líklegri til að vera fórnarlömb en karlar. Algengasti aldur brotaþola grófs heimilisofbeldis var 26-35 ára en næst algengust voru aldursbilin sitt hvoru megin við þann aldur.

Hlutfall þeirra sem töldu að brotið sem þau urðu fyrir hafi verið „mjög alvarlegt“ hélst óbreytt milli ára, 48%. Fjölgun var hjá þeim sem töldu atvikið ekki vera mjög alvarlegt, fór úr 14% í 18%. Aðeins fleiri sögðust hafa tilkynnt brotið gegn sér í þessari könnun miðað við árið á undan. Hlutfall þeirra sem sagðist enn búa við ofbeldisfullar aðstæður hækkaði aftur á móti töluvert mikið milli ára. Í þessari könnun var rúmlega helmingur (51%) sem sagðist enn búa við ofbeldi af hendi maka eða fyrrum maka.


Þú merktir við að þú hefðir orðið fyrir broti af hendi maka/fyrrum maka. Myndir þú segja að þú búir enn við þær aðstæður? (N=36)



Hversu alvarlegt var atvikið gagnvart þér? (N=116)




Tilkynntir þú brotið af hendi maka/fyrrum maka til lögreglu? (N=41)



## Spurning 12


Varðst þú fyrir því árið 2019 að einhver deildi án þíns leyfis kynferðislegu myndefni af þér sem olli þér ama?\*

Svarmöguleikar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Já	20	0,9
Nei, en hef fengið hótun um slíkt	68	3,2
Nei	2026	95,8
<b>Samtals</b>	<b>2114</b>	<b>100</b>



Ar könnunar, spurt um undangengið ar

Hversu mikil eða lítil áhrif hafði myndbirtingin á þig (þeir spurðir sem svöruðu já)?



Í þessari könnun sögðust 0,9% landsmanna hafa orðið fyrir að deilt var af þeim kynferðislegu myndefni án þeirra leyfis og 3,2% fengu hótun um slíkt. Í báðum tilfellum er um aukningu að ræða frá árinu áður.

Í ár voru hlutfallslega fleiri karlar sem urðu bæði fyrir því að birt var kynferðislegt myndefni af þeim án þeirra leyfis og hótun um slíkt (þó ekki marktækur munur).

Aðeins í Vestmannaeyjum var enginn íbúi sem sagðist hafa orðið fyrir myndbirtingu eða hótun um slíkt. Af þeim sem urðu fyrir myndbirtingu komu hlutfallslega flestir frá Norðurlandi vestra (3,5%) en þegar um hótun var að ræða voru hlutfallslega flestir frá Suðurnesjum.

Meirihluti (61%) þeirra sem urðu fyrir eða fengu hótun um að kynferðislegu myndefni af þeim yrði birt, mátu sem svo að myndbirtingin hafði haft frekar eða mjög mikil áhrif á sig, sem er öfugt miðað við síðustu könnun.

	Fjöldi	Já	Nei en hef fengið hótun um slíkt	Nei
<b>Kyn</b>				
Karl	1090	1,1%	3,3%	95,6%
Kona	1023	0,7%	3,1%	96,2%
<b>Aldursflokkar*</b>				
18-25 ára	301	5,3%	8,0%	86,7%
26-35 ára	408	0,5%	4,4%	95,1%
36-45 ára	370	0,3%	2,4%	97,3%
46-55 ára	344	0,3%	2,3%	97,4%
56-65 ára	330	0,0%	0,9%	99,1%
66 ára eða eldri	364	0,0%	1,9%	98,1%
<b>Búseta*</b>				
Höfuðborgarsvæðið	1357	1,0%	3,5%	95,4%
Vesturland	87	0,0%	4,6%	95,4%
Vestfirðir	49	0,0%	4,1%	95,9%
Norðurland vestra	57	3,5%	0,0%	96,5%
Norðurland eystra	188	2,1%	2,1%	95,7%
Austurland	79	0,0%	1,3%	98,7%
Suðurland	151	0,0%	0,7%	99,3%
Vestmannaeyjar	43	0,0%	0,0%	100,0%
Suðurnes	105	0,0%	8,6%	91,4%
<b>Menntun*</b>				
Grunnskólapróf	651	2,2%	5,7%	92,2%
Nám á framhaldsskólastigi	757	0,7%	2,2%	97,1%
Nám á háskólastigi	607	0,2%	1,2%	98,7%

\*Marktækur munur milli hópa í flokknum næst fyrir neðan rauðu merkinguna

\*Varðstu fyrir því árið 2019 að einhver deildi, án þíns leyfis, kynferðislegu myndefni af þér eða myndefni sem sýnir nekt þína sem olli þér ama (vanlíðan, skömm, óþægindum, reiði)?




### Spurning 13

Varðst þú fyrir því árið 2019 að sami einstaklingur hafi ítrekað eða endurtekið...?

Eltihrell/„stalking“


Svarmöguleikar	Fjöldi	Hlutfall (%)
Ógnað þér/verið ógnandi í návist þinni?	29	23,7%
Hótað þér og/eða þínum nánustu	25	20,1%
Elt þig (í bíl eða gangandi)	28	22,5%
Verið í kringum heimili þitt, vinnustað þinn eða aðra staði sem þú heimsækir	24	19,3%
Ráðist á þig (líkamlega)	12	9,5%
Unnið skemmdarverk á eignum þínum	25	20,3%
Dreift ósannindum til annarra (t.d. í fjölmiðlum, á samfélagsmiðlum, bloggi eða í tölvupósti)	27	22,0%
Dreift persónulegum upplýsingum og/eða myndefni til annarra (t.d. í fjölmiðlum, á samfélagsmiðlum, bloggi eða í tölvupósti)	5	3,8%
Haft samband við þig á óvelkomin hátt miðað við ykkar tengsl/samskipti (t.d. með símtölum, samfélagsmiðlum eða í gegnum tölvupóst)	31	25,3%
Notað búnað til að fylgjast með þér (t.d. Staðsetningarbúnað, njósnaforrit (spyware), myndavélar í tölvu)	7	5,7%
Komist inn á þinn aðgang að vefþjónustu (vefsíðu/appi) og fylgst með notkun þinni (t.d.heimabanki, skýþjónustu, samfélagsmiðla)	15	12,4%
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>124</b>	



Um 6% íbúa urðu fyrir því árið 2019 að sami einstaklingur hafi ítrekað eða endurtekið sýnt sér hegðun sem flokkast gæti sem eltihrelli. Algengasta tegund hegðunar í þeim málum var að einstaklingurinn hafði samband við viðkomandi á óvelkomin hátt miðað við samband þeirra (25%). Næst algengast voru ógnandi tilburðir í návist viðkomandi (24%) og þar næst að viðkomandi væri elt/eltur á einhvern hátt (23%).

Algengustu tengsl milli einstaklinga í eltihrellamálum voru „kunningjar, yfirmenn eða vinnufélagar“ (25%). Næst algengast var að um ókunnuga væri að ræða (23,5%) og þar á eftir að þar væru fyrrverandi makar á ferð (20%).

### Hver voru tengsl þín við aðilann sem sýndi slíka hegðun?




Tengsl	Fjöldi
Fyrrverandi maki	21
Núverandi maki	5
Fjölskyldumeðlimur annar en maki	9
Vinur	4
Kunningi, yfirmaður eða vinnufélagi	26
Ókunnugur	24
Veit ekki hver	7
Önnur tengsl	3
Viðskiptavinur/skjólstæðingur	4
<b>Fjöldi svarenda</b>	<b>103</b>



**Spurning 14**

Nú verður spurt um brot gegnum net eða síma. Varðst þú persónulega fyrir einhverju af eftirfarandi á árinu 2019?\*



	Já, gerð tilraun til þess		Já, varð fyrir fjárhagslegu tjóni	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Blekkingu	288	13,2%	17	0,8%
Tölvuvírus	139	6,4%	0	0%
Myndbirting	78	3,6%	0	0%
Kortanúmer misnotað	109	5,0%	46	2,1%
Verslun	88	4,0%	67	3,1%
Annað	92	4,2%	24	1,1%
<b>Einhverskonar netbroti</b>	<b>472</b>	<b>20,11%</b>	<b>124</b>	<b>4,73%</b>



	Fjöldi	Já, gerð tilraun til þess	Já, varð fyrir fjárhagslegu
<b>Kyn*</b>			
Karl	1073	24,1%	7,9%
Kona	1010	21,0%	3,9%
<b>Aldursflokkar*</b>			
18-25 ára	295	16,9%	7,1%
26-35 ára	400	23,0%	7,8%
36-45 ára	364	29,1%	4,9%
46-55 ára	339	29,2%	6,2%
56-65 ára	327	23,2%	7,3%
66 ára eða eldri	359	13,6%	3,1%
<b>Búseta</b>			
Höfuðborgarsvæðið	1336	25,0%	6,1%
Vesturland	84	21,4%	6,0%
Vestfirðir	49	16,3%	6,1%
Norðurland vestra	56	14,3%	3,6%
Norðurland eystra	186	16,7%	8,6%
Austurland	76	22,4%	5,3%
Suðurland	150	18,0%	6,0%
Vestmannaeyjar	43	16,3%	2,3%
Suðurnes	104	22,1%	2,9%
<b>Menntun*</b>			
Grunnskólapróf	633	16,6%	7,0%
Nám á framhalds-skólastigi	750	24,0%	5,9%
Nám á háskólastigi	606	27,6%	4,6%

\*Marktækur munur milli hópa í flokknum

\*Athugið að sami einstaklingurinn getur hafa orðið fyrir fleiri tegundum af netbrotum.

**Hlutfall sem varð fyrir netbroti, eftir ári og tegund netbrots****Hversu hárru upphæð áætlar þú að þú hafi tapað vegna þessara svika á árinu 2019?**

Tæpur fjórðungur svarenda sögðu að gerð hefði verið tilraun til að brjóta á þeim í gegnum netið eða símann (23%). Önnur sex prósent sögðust hafa orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna slíks brots. Það er fækkun frá árinu áður. Flestir þeir sem urðu fyrir fjárhagslegu tjóni sögðu það hafa gerst við verslun á netinu (3,1%) eða að kortanúmerinu þeirra hafi verið stolið (2,1%). Hjá meirihluta þeirra sem urðu fyrir fjárhagslegu tjóni, nam upphæðinni þó ekki um meira en 20 þúsund krónum. Hjá 35% var upphæðin milli 21 –500 þúsund og hjá átta prósentum var upphæðin meiri en hálf milljón.

Hlutfallslega urðu fleiri karlar fyrir netbrotum eða tilraunum til þeirra en konur og var sá munur tölfraðilega marktækur. Einnig var marktækur munur á aldursflokkum og voru einstaklingar á aldrinum 36-45 og 46-55 ára líklegastir til að verða fyrir fjárhagslegu tjóni vegna net og/eða símabrota. Um 7% þeirra sem urðu fyrir netbroti (tilraun meðtalin) tilkynntu það til lögreglu.

## Um könnunina

---

Embætti ríkislögreglustjóra og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu standa sameiginlega að viðhorfskönnun meðal íbúa. Árið 2004 var í fyrsta skipti gerð alþjóðleg þolendakönnun (sjá „Brotapolar, lögreglan og öryggi borgaranna“). Árið 2008 var gerð þolendakönnun samkvæmt löggæsluáætlun 2007-2011 sem náði yfir allt landið. Í kjölfarið hefur embættið lagt fyrir þolendakannanir fyrir allt landið árin 2009, 2011, og 2013-2019 og nú 2020.

Könnunin var lögð fyrir í maí til júní 2020 en könnunin miðast að mestu leyti við atburði og upplifun almennings árið áður. Með þolendakönnunum er verið að greina reynslu borgaranna af afbrotum, öryggistilfinningu þeirra í eigin hverfi og í miðborg Reykjavíkur. Einnig eru í könnun metin störf lögreglunnar og árangur hennar á landsvísu. Félagsvísindastofnun gerði úttekt á niðurstöðum úr hlutanum er snýr að viðhorfum til lögreglu og þjónustu hennar, sjá skýrsluna „Viðhorf til lögreglu: Könnun á viðhorfum almennings til aðgerða vegna COVID-19 og annarra starfa lögreglunnar 2020“. Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður á spurningum er snúa að reynslu landsmanna af afbrotum og öryggistilfinningu íbúa auk nokkurra spurninga um aðgerðir lögreglu í tengslum við COVID-19 faraldurinn. Þær upplýsingar sem þolendakönnunin veitir lögreglunni og borgurum eru mikilvægar og munu áætlanir lögregluembættanna m.a. taka mið af niðurstöðum hennar.

### Fyrirvari

Mikilvægt er að hafa það í huga að tölur eins og þær sem er að finna í þessari skýrslu gefa aðra mynd en afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra yfir skráð brot. Í sameiningu gefa þessar tvær upplýsingaveitir fyllri mynd af þróun afbrota á Íslandi. Með árlegum þolendakönnunum gefst tækifæri til að meta þróun til lengri tíma. Þetta er áttunda þolendakönnunin af þessari gerð sem framkvæmd er hér á landi og gefur hún m.a. ákveðna hugmynd um reynslu af afbrotum og tilkynningahlutfall. Allar tölur í niðurstöðukafla verður að skoða með það að leiðarljósi að frávik frá fyrri könnun kunni að vera innan skekkjumarka. Gögnum fyrir þessa könnun var eingöngu safnað í netkönnun en svörum í könnun sem lögð var fyrir árið 2011 var safnað í net- og símakönnun. Kannanir árin 2005, 2008 og 2009 byggðu á símakönnun eingöngu. Netkönnunin byggði á úrtaki úr netpanel Félagsvísindastofnunar.

Gögn eru vigtuð eftir kyni, aldri, menntun og búsetu. Það er gert til að þau endurspegli sem best viðhorf landsmanna 18 ára og eldri. Vigtin sem er notuð er ekki alveg sambærileg vigtunum frá könnun árið 2014 og fyrr, m.a. því Hagstofan gaf út betra manntal sem varð til þess að fyrirtækið sem sá um öflun gagna og vigtnu þeirra gat vigtað gögnin með meiri nákvæmni en áður. Prófað var að endurvigta gögn frá árunum 2011, 2013 og 2014 en munur á niðurstöðum var innan vikmarka (miðað við 95% vikmörk), og því ekki breytt í skýrslunum. Gögnin 2016-2020 eru greind eftir búsetu en fyrri ár var miðað við lögheimili.

Í skýrslunni eru sett fram árin sem rannsóknir voru gerðar, þar sem aðeins í hluta spurninga er spurt um reynslu árið áður.

## Orðalag spurning

### Spurningar um reynslu af afbrotum

- ◇ Komst einhver, árið 2019, inn á heimili þitt, dvalarstað, ökutæki þitt eða annað lokað rými án þíns samþykkis og stal einhverju eða reyndi að stela einhverju?
- ◇ Varðst þú fyrir því árið 2019 að einhverju væri stolið frá þér, t.d. veski, reiðhjóli eða öðrum verðmætum (án þess að um innbrot hafi verið að ræða)?
- ◇ Varðst þú fyrir ofbeldisbroti árið 2019? *Með ofbeldisbroti er átt við ofbeldi eða líkamsárás, t.d. ef einhver slær mann með hnefa eða vopni.*
- ◇ Varðst þú fyrir einhverjum af eftirtöldum eignaskemmdum árið 2019? *Vinsamlegast merktu við allt sem við á.*  
Að rúða væri brotin á heimili þínu, dvalarstað eða einkalód | Að krotað eða spreypjað væri á heimili þitt, dvalarstað eða eign á einkalód | Að lakk væri rispað, þak beyglað eða annars konar skemmdir gerðar á ökutæki þín | Öðrum eignaskemmdum á heimili, dvalarstað, einkalód eða ökutæki. Hverjum? | Nei, ekkert af ofantöldu
- ◇ Varðst þú fyrir kynferðisbroti árið 2019? *Með kynferðisbroti er t.d. átt við að einhver hafi þvingað þig eða reynt að þvinga þig til kynferðislega athafna, gripið í þig eða þú hafir verið snert(ur) kynferðislega gegn vilja þínum.*

### Spurningar um reynslu af netbrotum\*

Nú verður spurt um brot gegnum net eða síma. Varðst þú persónulega fyrir einhverju af eftirfarandi á árinu 2019?

*Merktu við allt sem við á:*

- ◇ **Kortanúmer misnotað.** Var svikið af þér fé eða gerð tilraun til þess með því að nota kreditkortanúmer þitt á ólög-mætan hátt. Athugaðu að hér er ekki átt við þegar kreditkortíð hefur glatast, eða því verið stolið.
- ◇ **Verslun á netinu.** Var svikið af þér fé eða gerð tilraun til þess þegar þú varst að kaupa vöru/r á netinu
- ◇ **Tölvuvírus.** Var kúgað af þér fé eða gerð tilraun til þess að valda þér fjárhagslegu tjóni með tölvuvírus/i
- ◇ **Myndbirtingar.** Var kúgað af þér fé eða gerð tilraun til þess með hótun um dreifingu klámfenginna mynda eða mynd-banda í gegnum netið?
- ◇ **Blekkingar.** Var svikið af þér fé, eða gerð tilraun til þess, í gegnum net eða síma af hálfu einhvers sem þú þekktir mjög lítið eða ekki neitt, eða var annar en hann/hún sagðist vera. [Vinsamlega svarið eingöngu spurningunni ef til-vikið fellur ekki undir það sem þegar er búið að spyrja um]
- ◇ **Annað.** Var svikið af þér fé eða gerð tilraun til þess í gegnum net eða síma með öðrum hætti en þú hefur nú þegar svarað til um?

\*Smávægileg breyting á uppröðun spurninga um netbrot miðað við könnun 2017.

